

Dagskrá Iðunnar haustið 2016

Í haust verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
mið. 5. október kl. 19:00	fös. 7. október kl. 20:00
lau. 5. nóvember kl. 14:00	fös. 4. nóvember kl. 20:00
mið. 7. desember kl. 19:00	fös. 9. desember kl. 20:00

Vakin er athygli á því að í nóvember verður kvæðalagaæfingin ekki á miðvikudegi heldur laugardegi, þann 5. og verður hún í Háholti á neðstu hæð til hægri í Gerðubergi. Æfingin verður fyrir börn og þá sem hafa gaman af að kveða og syngja með börnum.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.



Iðunnarfélagar eru hvattir til að senda upplýsingar um netföng sín til Höskuldar Búa (hoskibui@gmail.com) eða Rósu (rosat@hi.is) og fá fréttabréfið á stafrænu formi til að spara pappír og póstburðargjöld.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

125. tölublað – 37. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2016
Ábm: Bára Grímsdóttir

Haustferð Iðunnar 3. september 2016

Lagt verður af stað frá BSÍ kl. 8:00 og ekið sem leið liggur vestur um Dali og Þróskulda alla leið að Sævangi við Steingrímsfjörð. Þar fáum við gúlassúpu og brauð og skoðum Sauðfjársetrið. Þaðan verður farið norður í Bjarnarfjörð undir leiðsögn Jóns Jónssonar þjóðfræðings. Komið verður á Drangnes en þar verður möguleiki á að fara í sund (gjaldið er ekki innifalið).

Á bakaleiðinni heimsækjum við Strandagaldur á Hólmavík. Þátttakendur geta valið um að fá sér síðdegiskaffi á Kaffi Galdri eða Kaffi Riis og hver borgar þar fyrir sig. Á suðurleið verður snæddur kvöldverður í Hreðavatnsskála og áætlað er að koma aftur að BSÍ um kl. 22:00.

Verð er 7.000 kr. og í því er innifalið ferðin, hádegis- og kvöldmatur, leiðsögn og aðgangseyrir að söfnum.

Þátttaka tilkynnist til formanns ferðanefndar, Guðna Sig. Óskarssonar, í netfangið guðnisigosk@gmail.com eða í síma 8461604, í síðasta lagi 27. ágúst.

Sumarmál

Land og ála litkar frið
lifnar sálar óður
Signir þjála sólín blíð
sumarmálagróður.

Lífið blandar ljós og yl
ljáist handar máttur.
Veitir landi veðraskil
vorsins andardráttur.

Stráin græðast foldu frá
fagna gæðum hlýjum.
Grund og flæði glitra á
geislaklæðum nýjum.

Frjóí bunguð blaðfá tré
brumi ungu flagga.
Lífi þrungið vorsins vé
vetrardruna þagga.

Grósku beislar gæfan hlý
gefast neyslusjóðir
Býður veislu vors á ný
varma geislamóðir.

Sigmundur Benediktsson

Hausinn tóma kreisti og kyrki
kvelst af bragapínu.
Hjálpar kannski ef ég yrki
aðra hverja línu?

Halldóra Traustadóttir

Býsna fögur brosir sætt
blíð með vanga rjóða.
Hjarta mitt þú hefur brætt
heilladísín góða.

Broshýr ertu baugalín
blíð og glöð í sinni.
Ég horfi á þig heillin mín
og hrífst af fegurð þinni.

Finn ég er þú faðmar mig
fró og gleði í hjarta.
Ég mun ætíð elska þig
auðnudísín bjarta.

Ingólfur Ómar

Strá

Augað gleður æ og sí,
undir himni bláum,
ljósið, hvernig leikur í
litaglöðum stráum.

Sigrún Haraldsdóttir

Fífur

Vökular hlýða á vindsins klið,
veifa prúðum makka,
ljóshærðar verur sem lifa við
lágan mýrabakka.

Sigrún Haraldsdóttir

Egill Daði (á kvæðamannamóti)

Á landsins kvæðamannamót
mætti ég án blaða.
En hvergi sést í hægri fót
né haus á Agli Daða.

Lagarfljótið ljúft við brú
liðast ei með hraði.
En hvernig er og hvar er nú
karlinn Egill Daði.

Engan finn og ekkert skil
arka milli staða.
Kominn er í kaffi til
karlsins Egils Daða.

Höskuldur Búi Jónsson

Í rútu á landsmótið

Bílferð hef á miklar mætur,
má þar daglangt hanga,
Sigurður ef sína lætur
sagnadælu ganga.

Sumar þrjóna en saman sný
sjálfur vísna í gerðinni.
Chris og Guðni gefa í
gangur er á ferðinni.

Helgi Zimsen

Ort á kaffimál um borð í Baldri

Ötull brokkar yfir mar
öldujálfur Baldur.
Hófadynur hans er þar
hásvært báruskvaldur.

Helgi Zimsen

Yfir fjörðinn Baldur ber
bragmeistara ríms, en
hástuðlað í hornið sker
Helgi okkar Zimsen.

Trog og dollur skáldið sker
skætt um alla kanta;
potta, krúsir, pyttlur, gler
pappamál og fanta.

Bjarki Karlsson

Heilsufarið í Koti

Karlinn sem bjó uppi á klakanum
var kvalinn og þjáður af rakanum
og kerling með verki
því víst bar þess merki
að í sextíu ár sat hún á hakanum.

Sigurlín Hermannsdóttir

Þorvaldur sagði oft: þarnana,
við þurfum að hugsa um kjarnana.
Er hitti hann Önnu,
það orð voru að sönnu
en þá var hann búinn að barnana.

Sigurlín Hermannsdóttir